

**Sp.**

**264. Tillaga til þingsályktunar**

[132. mál]

um fastar skipaferðir milli Austfjarða og útlanda.

Flm.: Helgi Seljan Friðriksson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að freista þess að ná samningum við stærstu skipafélög landsins um, að þau haldi uppi reglubundnum siglingum milli hafna á Austfjörðum og útlanda, og að vinna auk þess að því að koma upp umskipunarhöfn á Austfjörðum.

**Greinargerð.**

Fyrir heimsstyrjöldina síðari voru slíkar fastar ferðir frá útlöndum til Austfjarða sem hér er ráð fyrir gert. Eimskipafélag Íslands hafði slíkar ferðir með höndum um skeið, og sama er að segja um norskt skipafélag, er hélt slíkum ferðum uppi. Þessar siglingar voru Austfirðingum til mikilla hagsbóta, þar eð þeir á þann hátt fengu ýmsar nauðsynjavörur sínar ódýrari en annars hefði verið, ef um Reykjavík hefði verið að ræða sem millilið, eins og nú er. Þeir fengu vörurnar beint, og leiddi það til þess, að þeir fengu vörurnar oft fyrr en annars mundi verið hafa. Þessi háttur hefur nú verið af lagður að öðru leyli en því, að skip koma stundum erlendis frá til Austfjarðahafna með sement, kol og timbur. Það er þó ekki samkvæmt neinni fastri áætlun, og um aðrar vörur er vart að ræða. Flestaf nauðsynjavörur koma fyrst til Reykjavíkur og er skipað þar á land, en síðan sendar þaðan til Austfjarða, með þeim kostnaði og drætti á afgreiðslu, sem það hefur í för með sér. Af þessu leiðir þá einfaldlega, að vöruverð verður í nýjög mörgum tilfellum herra en annars mundi vera. Ef fært reyndist að ná samningum um þetta mál við skipafélögin, yrði sú skipan mála, sem hér er um rætt, til hins mesta hagræðis fyrir Austfirðinga og verður enda að teljast sanngirnismál.

Í sambandi við umskipunarhöfn á Austfjörðum má á það benda, að oft hefur Reyðarfjörður verið nefndur í því sambandi. Kemur þar bæði til góð höfn og lega fjarðarins, einkum með tilliti til dreifingar um Hérað og einnig til hinna fjarðanna. En sjálfsagt er að kanna aðstöðu hinna ýmsu staða til þessa hlutverks og staðsetja svo umhleðsluhöfnina þar, sem bezt þætti, að þeim athugunum loknum, þó að á þetta sé bent hér.